

BRÁÐABIRGÐALÖGI
5. jan.

um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflökka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að sjávarútvegurinn eigi nú við að etja rekstrarfjárörðugleika, er einkum stafi af því, að fyrirtæki hafi á undanförnum árum ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma vegna þeirra framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í. Um leið og vertið hefst sé því nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að allmiklu af skuldum sjávarútvegsins til skamms tíma verði breytt í löng lán. Ríkisstjórnin telur því brýna nauðsyn bera til, að stofnlánadeild sjávarútvegsins verði nú þegar heimilað að opna nýja lánaflökka, er geri henni kleift að vinna að lausn þessara mála. Jafnframt er nauðsynlegt, að ákvæði séu sett um heimild til tímabundinnar innheimtustöðvunar, sem grípa megi til, ef á þarf að halda, til þess að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun á meðan verið er að athuga fjárhag fyrirtækja, sem sækja um lán.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja viðbótarlög um stofnlánadeild sjávarútvegsins, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinna gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilt að opna nýja lánaflökka í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförnum árum fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í.

2. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis.

Lánstíma skal miða við áætlaðan endingartíma hinna veðsettu eigna. Hámarkslánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár, lán út á skip 15 ár og lán út á vélar 10 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn stofnlánadeildarinnar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því að hún varð til.

3. gr.

Telji stjórn stofnlánadeildarinnar, að fengnum tillögum frá viðskiptabanka umsækjanda, þörf á sérstakri athugun á fjárhag umsækjanda, áður en unnt verði að afgreiða lánbeiðni frá honum, getur hún tilkynnt það skiptaráðanda, og er þá hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til lánsúmsókn hefur verið afgreidd, þó aldrei lengur en til 31. desember 1961. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldprotaskipta á því tímabili.

Frá því stofnlánadeild hefur sent ofangreinda tilkynningu til skiptaráðanda og þar til lánsúmsókn hefur verið afgreidd, þó ekki lengur en til 31. desember 1961, má lánbeiðandi ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja

A 1

1 þær nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum og yfirleitt ekki gera neinar þær ráð-
5. jan. stafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.

4. gr.

Lánveitingar samkvæmt lögum þessum skulu háðar ákvæðum laga nr. 41/1946,
þó ekki ákvæðum 3.—11. greinar.

Í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með bankamál, gefur út að fengnum til-
lögum stjórnar stofnalánadeildarinnar, skal setja nánari reglur um lánskjör og önnur
atriði, eftir því sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. janúar 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

Stjórnartíðindi 1961, A. 2.

2

14. febr.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1961 skal koma saman þriðjudaginn 10. október 1961, hafi
forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. febrúar 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.